



## Stjórnarfundur HSH

Haldinn í Íþróttamiðstöðinni Stykkishólmi,

4.mars 2024 kl. 17:00

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Ársskýrsla HSH og aðildarfélaga
  - a. *Framkvæmdastjóri greindi frá vinnu við ársskýrsluna sem er á lokametrunum. Enn eiga nokkur aðildarfélög eftir að senda ársskýrslu og ársreikninga til HSH. Framkvæmdastjóri mun senda skýrsluna á stjórn HSH í lok vikunnar til yfirlstrar.*
2. Tillögur fyrir þing
  - a. *Kjörbréf tilbúið fyrir þing. Mikilvægt að yfirfara fulltrúana áður en þetta er sent út á formenn aðildarfélaganna.*
3. Lög og reglugerðir
  - a. *Stjórn -og framkvæmdastjóri hafa unnið að breytingartillögum á lögum HSH. Breytingar verða lagðar fyrir þingi HSH í apríl. Unnið er að því að klára þessar breytingar og þær sendar í yfirllestur til stjórnar. Tillagan verður send á aðildarfélögin með fyrri fundarboði föstudaginn 8.mars.*
4. heiðursviðurkenningar
  - a. *Framkvæmdastjóri mun senda formönnum aðildarfélaga ítrekun og hvetja þau til þess að senda frá sér tillögur að heiðursviðurkenningum fyrir þing. Vísað er í umræðuna á formannafundinum þar sem þetta kom fram.*
5. Styrkveiting
  - a. *Arnar Geir Diego Ævarsson – styrkveiting upp á 45.000 kr. fyrir val í landsliðið í skotfimi. Staðfest af stjórn HSH,*
6. Gull og silfurmerki HSH
  - a. *Framkvæmdastjóri sýndi myndir af gull- og silfurmerkjum KKÍ sem eru sambærileg og hugmyndir af merkjum HSH sem eru í skoðun.*
7. Önnur mál



**HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU**  
*Stofnað 1922*

- a. *Fundargerðir – Samþykkt að stjórnarmenn hafi tvo daga til að gera athugasemdir við fundargerðir stjórnar áður en þær eru birta.*

Fundi slitið kl. 18.41

---

Gunnhildur Gunnarsdóttir